

BORGARRÁÐ 28. október 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnu starfshóps vegna skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi - R21100437

Fulltrúi Flokks fólksins hefur spurt um skólamál í Laugardal og Laugarneshverfi og fengið þau svör að starfshópur er að rýna í stöðuna með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla- og frístundastarfs. Starfshópurinn skilaði tillögum af sér síðastliðið vor en ekki hefur frést neitt frekar um málið. Fulltrúa Flokks fólksins og fleiri er farið að lengja eftir þarfagreiningu og sviðsmyndum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá að vita hvar þessi mál eru stödd og hvenær má vænta þess að sviðsmyndir verði birtar?